

Herferð um heilbrigða vinnustaði 2026-2028

STUÐLUM SAMAN AÐ VELLÍÐAN Í VINNU

Sköpum sálfélagslegt öryggi



Blómstrandi vinnuafli á rætur í heilbrigðu vinnuumhverfi. Þegar atvinnurekendur meta og styrkja starfsfólkið sitt koma þeir í veg fyrir skaða og skapa aðstæður þar sem allir geta dafnað. Vel stýrður vinnustaður sem bregst við sálfélagslegum áhættupáttum stuðlar að velferð einstaklinga og ýtir undir nýsköpun, samvinnu og langtímaárangur.

Herferðin „**Stuðlum saman að vellíðan í vinnu**“, sem EU-OSHA stýrir, vekur athygli á sálfélagslegum áhættupáttum og stuðlar að stuðningsríku, þátttökumiðuðu og heilbrigðu vinnuumhverfi á öllum sviðum.



Of mikið vinnuálag, skortur á stjórn og slök samskipti eru helstu sálfélagslegu áhættuþættirnir sem grafa undan andlegri vellíðan. Ef ekkert er að gert geta þær leitt til kulnunar, þunglyndis eða kvíða, sem hefur áhrif á starfsfólk og grefur undan frammistöðu, samkeppnishæfni og sjálfbærni fyrirtækja.

Herferðin stuðlar að forvörnum með réttu áhættumati og áhættustjórnun

og hvetur til samvinnu vinnuveitenda, stjórnenda, starfsfólks og fulltrúa þeirra. Þar er lögð áhersla á heilðræna nálgun sem tekur tillit til bæði líkamlegrar og sálfélagslegrar áhættu.

Þar er einnig lögð áhersla á sértækar áskoranir í atvinnugreinum, viðkvæma hópa og barist fyrir lausnum án aðgreiningar, sem tryggja að allir geti starfað í umhverfi sem styður við andlega vellíðan.

29 % starfsmanna í ESB upplifa streitu, kvíða eða þunglyndi sem orsakast af eða versnar við vinnu.

Vinnuverndarkönnun 2025

Kannaðu fimm megináherslur herferðarinnar

1. Sálfélagslegt áhættumat og áhættustjórnun
2. Áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi
3. Líkamleg áhætta og heilsa
4. Sálfélagslegar áhættur í heilbrigðis- og félagsþjónustugeiranum og
5. Stuðningur við geðheilbrigði á vinnustað



Taktu þátt: Styðjum herferðina og hjálpumst að við að gera vellíðan í vinnu að miðpunkti í hverju starfi.



#EUhealthyworkplaces

healthy-workplaces.osha.europa.eu